



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM

um skilgreiningar og viðmið vegna evrópskra langtímafjárfestingarsjóða



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM

um skilgreiningar og viðmið vegna evrópskra langtímafjárfestingar-
sjóða

Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 2. maí nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), [Umræðuskjöl | Fjármálaeftirlitið \(fme.is\)](#). Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

REGLUR

um skilgreiningar og viðmið vegna evrópskra langtímafjárfestingarsjóða.

1. gr.

Gildissvið

Reglur þessar gilda um evrópska langtímafjárfestingarsjóði og rekstraraðila þeirra sem hafa staðfestu eða eru markaðssettir hér á landi samkvæmt lögum nr. 115/2022 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði. Reglurnar mæla fyrir um nánari framkvæmd reglugerðar (ESB) 2015/760 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði.

2. gr.

Afleiður til áhættuvarna

Um viðmið um þær aðstæður þar sem fjármálaafleiður þjóna eingöngu þeim tilgangi að vera vörn gegn áhættu sem er innbyggð í fjárfestingar sjóðs, sbr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, fer eftir framseldri reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) 2018/480, sbr. 6. gr.

3. gr.

Nægilegur líftími evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins

Um við hvaða aðstæður líftími evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs telst nægjanlega langur til að ná yfir lífsferil hverrar einstakrar eignar sjóðsins, sbr. 3. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, fer eftir framseldri reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) 2018/480, sbr. 6. gr.

4. gr.

Viðmiðanir fyrir mat á markaðnum fyrir hugsanlega kaupendur og viðmiðanir fyrir mat á virði eignanna sem á að losna við

Um þær viðmiðanir sem nota skal við mat á markaði fyrir mögulega kaupendur og verðmat á þeim eignum sem á að losa um, sbr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, fer eftir framseldri reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) 2018/480, sbr. 6. gr.

5. gr.

Skilgreining á aðstöðunni sem standa skal almennum fjárfestum til boða

Um tegundir og einkenni á aðstöðu fyrir almenna fjárfesta, sbr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, fer eftir framseldri reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) 2018/480, sbr. 6. gr.

6. gr.

Innleiðing reglugerðar

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/480 frá 4. desember 2017, um tæknilega eftirlitsstaðla að því er varðar fjármálaafleiðugerninga sem hafa þann eina tilgang að verja gegn áhættu, nægilegan líftíma evrópsku langtímafjárfestingasjóðanna, viðmiðanir fyrir mat á markaðnum fyrir hugsanlega kaupendur og virði eignanna sem á að losna við og tegundir og einkenni aðstöðunnar sem stendur almennum fjárfestum til boða. Reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19 frá 7. febrúar 2020 sem birt var í EES-viðbæti við stjórnartíðindi Evrópusambandsins [nr. 13 frá 16. febrúar 2023, bls 41-42](#). Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins [nr. 37 frá 27. maí 2021, bls. 25-29](#).

7. gr.

Gildistaka

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 115/2022 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði, öðlast þegar gildi.